

123. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 8. desember 2009, kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Helgi B. Haraldsson, Berglind L. Þorbergsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Fákaborg, reiðskemma.
Fyrirspurn frá Sæpóri Þorbergssyni kt. 110171 5449 og Lárusi Ástmari Hannessyni kt. 150766 4199, f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms, kt. 451177 0289, að byggja reiðskemmu í landi Hesteigendafélagsins, sbr. bréf og afstöðumynd dags. 30.11.2009. Nefndin tekur jákvætt í byggingu reiðskemmu Hefst og leggur til að skemma verði staðsett sunnan við hesthúsabyggðina, sbr. tillöguteikningu frá skipulags – og byggingarnefnd.
2. Svæði undir endurnýtanlegan jarðveg.
Lögð fram fyrirspurn frá Lárusi Hannessyni 150766 4199 um svæði undir endurnýtanlegan jarðveg í bæjarlandinu. Erindi vísað af fundi bæjarstjórnar til skipulags- og byggingarnefndar þann. 29. 09. 2009. Nefndin leggur til að svæði fyrir endurnýtanlegan jarðveg verði við gömlu ruslahauganna, við Ögursafleggjarann.
3. Skólastígur 16, útlitsbreyting.
Stykkishólmsbær óskar eftir að breyta gluggum á neðri hæð hússins við Skólastíg 16, sbr. teikningu dags. 2.12. desember 2009. Erindi samþykkt.
4. Ræktunarland, forsögn fyrir deiliskipulagsvinnu.
Lögð fram skýrsla vinnuhóps um málefni frístundabændabænda frá 2006, sem tillaga að forsögn fyrir deiliskipulagsvinnu ræktunarlands fyrir frístundabúskap í Stykkishólmi. Nefndin leggur til að skýrslan um málefni frístundabænda frá 2006 verði forskrift að deiliskipulagi sem merkt eru bókstafnum F á gildandi Aðalskipulagi.
5. Reitur B á skipulagi miðbæjar.
Lagðar fram tillögur um uppbyggingu á Skipulagi miðbæjar, reit B við Frúarstíg, sbr. tillöguteikningu mótt. 1.12. '09. Nefndin tekur jákvætt í tillöguna frá Sigurjóni Jónssyni / Skipavík.
6. Smiðjustígur 3, breyting á viðbyggingu.
Lögð fram teikning af breytingu á byggingarefni viðbyggingar við Smiðjustíg 3. Óskað er eftir að byggingin verði steipt, í stað timburveggi og þaks, sbr. teikningar frá Ráðbarði sf/Bjarna Þór Einarssyni dags. 19.11. '09. Erindi samþykkt.
7. Önnur mál.
7.a. Nefndin bendir á að brýnt sé að förgun á taði við hesthús fari í betra horf vegna nálægðar við íbúðabyggð og leggur til að allt tað fari í lokaða gáma.

B.V.